



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
við opnun sýningarinnar
Hamskipti. Listsköpun Gerðar Helgadóttur
Gerðarsafni
8. ágúst 2024**

Kæra Brynja Sveinsdóttir safnstjóri,
Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri,
góðir gestir.

Það er ánægjulegt að vera með ykkur hér í dag og opna sýningu til heiðurs Gerði Helgadóttur. Hér er ég stoltur Kópavogsbúi á heimaslóðum. Ég lék mér í æsku hér í Kirkjuholtinu og hef alltaf verið stolt yfir þeim metnaði sem Kópavogsbær sýndi þegar Gerðarsafn var reist hér. Safnið er fyrsta og til þessa dags hið eina sem tileinkað er listakonu hér á landi.

Söfn og sýningarrými þeirra eru ómetanlegur þáttur í menningarlífi þjóða og gegna fjölbættu hlutverki. Varðveisla, skráning og greining safneigna eru grunnurinn sem söfnin byggja á og gerir mögulegt að sýna verk í fjölbreyttu samhengi, varpa sífellt nýju ljósi á heiminn á þann hátt sem listin ein getur gert. Söfnin fá okkur til að sjá nýjar hliðar og hugsa á nýjan hátt, víkka sjóndeildarhringinn og dýpka skilning. Það er ekki lítið hlutverk og starf þeirra sem setja upp sýningar er ekki einfalt. Það krefst mikillar þekkingar, hugkvæmni og næmis að geta valið þema við hæfi og vita hvaða verk og eftir hverja spila best saman til að ná fram hughrifum — þeirri andlegu örvun og innblæstri sem gestir safnsins leita að. Við stöndum í þakkarskuld bæði við þau sem skapa listina og þau sem kunna að reiða hana fram.

Gerður Helgadóttir var einstaklega frjó og huguð listakona sem vann með margs konar efni bæði tvívíð verk og þrívíð. Gler, mósaík, leir, gifs og steypu, og ekki síst málma sem eru svo einkennandi fyrir höfundarverk hennar. Í Gerðarsafni er á annað þúsund verka eftir hana, sem gefa óendanlega möguleika á sýningum í nýju samhengi, eins og þeirri sem er opnuð hér í dag í tilefni af 30 ára afmæli safnsins.

Gerður var heimsborgari, opin og víðsýn. Andi hennar svífur yfir vötnum á þessu safni sem leitast við að fjarlægja samfélagslega þröskulda og opna dyr sínar öllum. Hér er lagt kapp á að bjóða allar raddir velkomnar og skapa vettvang fyrir samræður, tjáningu og túlkun.

Það er athyglisvert að sjá hvernig Gerðarsafn leggur áherslu á að bjóða ólíkum þjóðfélagshópum að taka þátt í mótun viðburða. Í ungmennaráði fá unglingar tækifæri til að kynnast myndlist og menningarstarfi og skapa sýningar og viðburði. Safnið hefur verið vettvangur fyrir samtal og tjáningu listamanna af erlendum uppruna sem þrá tækifæri til að tengjast myndlistarheiminum hér á landi. Einnig hefur verið unnið í samstarfi við fólk á flóttu að listasmiðjum sem gefa kost á tjáningu í gegnum sköpun og styrkja félagsleg tengsl. Þessi fallega nálgun er í anda Gerðar og safninu til sóma.

Ég óska landsmönnum öllum til hamingju með að eiga þetta öfluga safn til heiðurs magnaðri listakonu. Gerðarsafni óska ég til hamingju með fyrstu 30 árin, þakka starfið og óska safninu allra heilla á komandi árum.

Með þeim orðum opna ég sýninguna og bið ykkur öll vel að njóta!